

1859.

23. febrúar.

#### 4. Bréf fræðslumálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um Vestmannaeyja prestakall.

Þær hafið, herra stiptamtmaður, og þær, háæruverðugi herra, í bréfi 15. október í fyrra skýrt oss frá, að Vestmannaeyja prestakall sé orðið laust við fráfall prestsins Jóns Austmanns, og hafið þær um leið getið þess, að breyting sú, sem áður hafi verið stúngið uppá að gjörð væri á tekjum þessa brauðs, sé nú hvorki nauðsynleg né ráðleg, þaræð nú sé öðruvísi ásttatt á eyjunum.

Vær svörum nú þessu á þá leið, að stjórnarráðið þegar í bréfi 13. maí 1852 hefir talið tormeðki á að fallast á uppástungu stiptsyfirvaldanna, eins og hún þá kom fram, og eptir því sem þær, herra stiptamtmaður, og þær, háæruverðugi herra, hafið skýrt frá, þá álitum vær einnig að hin helzta ástæða fyrir þessari breytingu nú sé orðin að engu; vær höfum þessvegna ekkert á móti því, að þetta verði látið standa við það sem verið hefir.

Þar sem þær, herra stiptamtmaður, og þær, háæruverðugi herra, að öðru leyti í bréfi yðar hafið getið þess, að aðstoðarpresti Brynjólfi Jónssyni hafi verið gefið loforð um þetta brauð seinna meir, þá verðum vær að vekja eptirtekt yðar á því, að slík loforð um embætti ekki lengur eiga sér stað, og þykir oss því síður hafa verið ástæða til að beita því, þar sem bjóða mátti hlutaðeiganda mjög svo góða kosti.

25. febrúar.

#### 5. Bréf fræðslumálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um þóknun fyrir prestsverk við hinn lærða skóla.

Í bréfi yðar 1. desember í fyrra hafið þær, herra stiptamtmaður, og þær, háæruverðugi herra, skýrt oss frá, að presturinn til Garða og Bessastaða prestakalls, stiptprófastur A. Hel-

1859.

25. febrúar.

gason, hafi sagt þessu embætti af sér; en þar honum hafi verið leyft að halda þeim 24 rd., sem reglugjörð 29. apríl 1785 leggur fyrir prestsverk við hinn lærða skóla, meðan hann væri í embætti, þá hafð þér einnig skotið því undir úrskurð fræðslumálastjórnarinnar, hvort ekki mætti leggja dómkirkjuprestinum í Reykjavík, sira Ólafi Pálssyni, bæði á þessu skólaári og framvegis þá 40 rd., sem í fjárhagslögunum eru taldir fyrir prestsverk við skólann.

Þessu svörum vèr nú á þá leið, til eptirsjónar og til auglýsingar prófasti Ó. Pálssyni og fèhirði skólans, að þareð athugasemdir við frumvarpið til fjárhagslaganna fyrir árið 1853/54 bera með sér, að 16 rd. borgun sú, sem upp frá þeim tíma hefir verið lögð dómkirkjuprestinum fyrir þessi embættisverk hans, einúngis átti sér stað um stundar sakir, þar hún skyldi falla niður undireins og Garðar og Bessastaðir losnuðu og hann gæti fengið þá 24 rd., sem reglugjörð 29. apríl 1785 til tekur, þá getur hann hvorki á þessu reikningsári nè framvegis fengið meir en þessa síðast nefndu 24 rd.

**6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um geymslu á íslenskum leiðarbréfum þeirra skipa, sem gjörð eru út til fiskiveiða.<sup>1</sup>** 26. febrúar.

Þér hafð, herra stiptamtmaður, í bréfi yðru 7. september í fyrra skýrt stjórnarráðinu frá því, að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósar-sýslu hafi ritað á skjöl skipsins *Anna Helene*, 15 lestarúm að stærð, sem stórkaupmaður Knudtzon er eigandi að, og sem átti að fara frá Hafnarfirði til Kaupmannahafnar, án þess að leiðarbréf það, sem árið 1854 var keypt handa

1) Áþekk bréf eru sama dag skrifuð amtmönnum í hinum undæmunum á Íslandi.